


„Vetur og haf“ (31).

Raunsæi Eiríks Smith

EIRÍKUR SMITH er varla einhamur í myndsköpun sinni. Hann mundar pentskúfinn ótt og títt, knúinn af elju og litagleði. Það er líkast því sem flöktandi eirðarleysi knýi hann áfram í hamslausum darradansi við viðfangsefnin.

Eiríkur er löngu hættur átökum á sviði huglægs abstrakt-expressjónisma og virðist algjörlega hafa horfið yfir í realisma, sem hann hefur þó ekki ennþá afmarkað né beislað, en leitar víða fanga í átt að varanlegri haldfestu. Vinnubrögðin eru þó í flestum tilvikum hin sömu og fyrr, hröð og umbúðalaus. Listamaðurinn virðist ekki tvínóna við hlutina og er alls óhræddur við að takast á við nýjan tjáningarmáta, virkja ferskar hugmyndir augnabliksins.

Það eru málverkin á sýningu listamannsins að Kjarvalsstöðum, sem hér eru til umræðu, stór og smá. Í þeim eldri glímir listamaðurinn við hvella og skæra liti, ósjaldan með fjólublá ívafi og teflir þá iðulega á tæpasta vað í litasamböndum og ófriðlegum átökum forma. Hinn mikli þríleikur „Fólk við haf“ (I), sem er sennilega stærsta málverk, sem Eiríkur hefur málað, minnir á sósíalrealisma, eins og hann getur frjálslegastur verið fyrir austan tjald, bæði hvað viðfangsefnið snertir og litameðferð. Slíkan óbeislaðan hraða og flug í myndformum sér maður þó sjaldan þar fyrir austan. Myndin er hressilega máluð en virkar frekar á mig sem dekorasjón en trönumálverk, einhvern veginn get ég betur hugsað mér slíka mynd utandyra eða í rúmgóðum forsal heldur en á málverkasýningu. Hér gæti Eiríkur ýmislegt lært af austur-þýskum starfsbræðrum svo sem Willi Sitte og Willi Neubert sem gleyma aldrei hinu „monumentala“ í málverkinu þrátt fyrir ærslfullan leik realistíska myndforma á stórum fleti.


Það eru fleiri málverk á sýningunni er minna á sósíalrealisma, en einnig myndir, er leiða hugann að vestrænum realisma og jafnvel amerískum súperrealisma, svo sem myndirnar „Vetur og haf“ (31) og „Andlit í þili“ (32). Sömu ættar er myndin „Skipsflak“ (30), en áhorfandinn verður að standa alllangt frá henni til þess að formið í skipsflakinu njóti sín. Í þessum myndum bregður fyrir áhrifum frá Andrew Wyeth, og sé ég ekki betur en þau séu til góðs, því að liturinn er hér stórum hreinni og afmarkaðri en í eldri myndum Eiríks á sýningunni. Myndin „Vetur í bæ“ (9) er ákaflega sterkt máluð og áhrifin óvenjuleg og vekjandi í sínum hreina surrealisma. En ég verð að segja fyrir mig, að ég er ekki lengur með á nótunum, er kemur að myndum eins og „Fagur fiskur úr sjó“ (7) og „Um gamla lukt“ (35) en þær þykja mér báðar full yfirborðslega málaðar, einkum hin fyrri. Hinn surrealistíski boðskapur verður einnig hálf máttvana, sem setur myndirnar úr samræmi á sýningunni. Ólíkt ferskari er myndin „Ársæll“ (37), sem er hreint og hressilega máluð. — Andlit mannsins er mjög sérkennilegt og því bregður fyrir í fleiri myndum, a.m.k. einni ágætri vatnslitamynd.

Vatnslitamyndirnar þykja mér betri helmingur sýningarinnar, hér virðist Eiríkur á grænni braut. Hann leggur stórum meiri alúð við þessa gerð mynda og sleppir sjaldan fram af sér beislinu. Slíkar myndir þykja mér upprunalegri og í nánara sambandi við lífsins kviku og grómögn himins, hafs og jarðar. Hér gætir hvergi þess íbúðar í litavali, sem einkennir margar olíumyndirnar. Eiríkur vinnur í vatnslitamyndum sínum á afmarkaðra sviði, og sá grunur læðist ekki að manni, að listamaðurinn hafi hætt of fljótt til hags fyrir aðra hugmynd, svo sem í olíunni.

Ljóst þykir mér, að Eiríkur vinnur umtalsverðan sigur sem vatnslitamyndamálari. Margar myndanna eru mjög tjáningarríkar og sannfærandi í útfærslu, svo sem myndirnar, er Listasafn Íslands festi kaup á, „Skammdegi“ (49) og „Kvöldsólarstemmning „(68). Myndin „Lognalda“ (68) er til muna markvissari í útfærslu en t.d. málverkið með sama nafni og af sömu fyrirmynd. Myndirnar „Táningar í fjöru“ (72) „Tvær verur við haf“ (73) og „Verur við haf“ (75) eru allar ferskt og fjörlega málaðar og hér koma vinnubrögð Eiríks vel til skila, — dularfullt yfirborð einkennir þessar myndir og verurnar eru á mjög sannfærandi hátt sem af öðrum heimi. Hér nær Eiríkur sterkum og persónulegum tökum á myndefninu og slær á djúpa strengi innri lífæða myndflatarins. Myndin „Um gamalt fiskhús“ (76) er mjög tært og vel máluð mynd og leiðir aftur hugann að Wyeth. Hins vegar ber myndin „Morgunþoka“ (78) ótvíræðan svip af listamanninum sjálfum og mér er næst að halda, að þessi einfalda og sérkennilega mynd sé einn hápunkturinn á þessari sýningu.

Í heild er þetta mjög lifandi og fjörleg sýning hjá Eiríki Smith, en þó virðast málverkin yfirgnæfa vatnslitamyndirnar, um of og hefði sýningin vafalítið orðið enn sterkari við grisjun hinna litsterkari mynda auk þeirra er virðast rjúfa eðlilegt samræmi.

Að lokum vil ég hvetja sem flesta til að leggja leið sína að Kjarvalsstöðum til að skoða þessa fjörmiklu sýningu, en í dag (sunnudag) mun síðasti sýningardagur.



Morgunþoka (78).

Myndlist eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Helgafellsætt heldur ættarmót

Stykkishólmi 20. maí

HELGAFELLSÆTT, þ.e. afkomendur Jónasar Sigurðssonar og Ástríðar Þorsteinsdóttur, sem bjuggu lengst af á Helgafelli í Helgafellssveit, hafa ákveðið að gangast fyrir ættarmóti að Helgafelli og Stykkishólmi, sem afkomendum nefndra hjóna verður boðið að taka þátt í. Tilhögun mótsins verður að öðru leyti sú að laugardaginn 26. júní n.k. verður guðsþjónusta í Helgafellskirkju. Að guðþjónustu lokinni verður staðurinn skoðaður, en síðan safnast hópurinn saman í nýja félagsheimilinu í Stykkishólmi þar verður sameiginlegt borðhald.

Þar verður svo ýms fróðleikur á boðstólum og er hugmyndin að minnast þarna liðinna daga og að lokum verður stiginn dans.

Fréttaritari.

FIRMAKEPPNI í Stykkishólmi

Stykkishólmi, 19. maí.

SUNNUDAGINN 16. maí s.l. var haldin í Stykkishólmi firmakeppni á vegum hesteigendafélags Stykkishólms. Tóku í keppni þessari þátt 33 góðhestar og kepptu fyrir jafnmörg fyrirtæki. Dómarar voru úr Borgarnesi og Ólafsvík. Keppnin fór fram í bezta veðri á gamla flugvellinum sem er fyrir ofan Stykkishólm, en hann er nú aflagður sem flugvöllur og notaður sem skeiðvöllur á vegum hestaeigendafélagsins.

Áhorfendur voru fjölmargir sem fylgdust með af áhuga. Keppt var um farandgrip sem Trésmiðjan Ösp í Stykkishólmi hafði gefið og hlaut hann Snæfaxi, eign Leifs Jóhannessonar, ráðunauts, sem keppti fyrir Búnaðarbankann. Hlaut hann 44 stig. Næstur með 42 stig var Reykur, eign Njáls Þorgeirssonar bifreiðaeftirlitsmanns, sem keppti fyrir Bifreiðastöð Stykkishólms og þriðji með 41 stig var Hrollur, eigandi Bent Sigurðsson, sem keppti fyrir Kaupfélag Stykkishólms.

Áhorfendur fengu að greiða atkvæði um fallegasta hestinn og fékk Gustur, eigandi Högni Bæringsson, langflest atkvæði.

Hestum fjölgar nú í Stykkishólmi og fleiri og fleiri sem taka þar þátt í hestamennsku og fá sér hest.

61 nemandi í Tónlistarskóla Vopnafjarðar

Tónlistarskóla Vopnafjarðar var slitið sunnudaginn 9. maí s.l. með nemendatónleikum í félagsheimilinu Miklagarði. Í vetur stundaði 61. nemandi nám í skólanum einhvern hluta vetrar, en þeir sem luku tilskildum prófum voru 39. Alls var kennt á 9 hljóðfæri, auk hliðargreina, og stofnuð var 6 manna skólahljómsveit sem lék á hljómleikunum við góðar undirtektir. Þetta er 2. starfsvetur tónlistarskólans. Skólastjóri og eini kennari í vetur var Einar Logi Einarsson.

Halldór H. Jónsson Stjórnarformaður Eimskips

Á FUNDI stjornar H.f. Eimskipafélags Ísland föstudaginn 21. maí 1976 skipti stjórn félagsins með sér verkum. Formaður er Halldór H. Jónsson, varaformaður Ingvar Vilhjálmsson, ritari Thor R. Thors og gjaldkeri Axel Einarsson. Meðstjórnendur eru Birgir Kjaran, Pétur Sigurðsson og Hallgrímur Sigurðsson.